

ÁRÓÐUR

Fréttabréf Ármanna

Nóvember 2007

Nokkrir punktar af Hlíðarvatnsfundi



Væn bleikja dregin að landi í Hlíðarvatni.

Ljósmynd: Einar Falur Ingólfsson.

Laugardaginn 3. nóvember sl. var haldinn sameiginlegur fundur félaganna sem hafa stangir í Hlíðarvatni þar sem menn báru saman bækur sínar, ræddu stöðu mála og spáðu í framtíðina. Fundurinn var haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum. Fyrir hönd Ármanna sóttu hann Hilmar Finnsson, formaður, og Halldór Sigurðsson, formaður Hlíðarvatnsnefndar. Hilmar sendi okkur stutta skýrslu um fundinn. – Ritsstjóri.

Á fundinum bar nokkuð á áhyggjum manna af afleitum aflabrögðum síðasta sumar og voru margar skýringar á dalandi veiði nefndar til sögunnar. Tvær standa þó upp úr.

Sú fyrri er að að nýting veiðidaga hjá öllum veiðifélögum er orðin mun verri en áður hefir þekkt. Ekki er bara það að september selst illa og jafnvel ágúst að hluta, sem er alveg ótrúleg þróun þar sem þetta eru dagar sem geta

gefið mikinn afla þegar aðstæður eru réttar, heldur ber einnig mikið á því að menn nýti ekki þá daga sem þeir hafa keypt af einhverjum ástæðum og á það við um allan veiðitímamann. Það hefur lengi verið vitað að ekki veiðist á flugu nema hún sé höfð í vatninu og er líklegast engra nýrra sanninda að vænta um það atriði!

Seinni skýringin eða tilgátan um slaka veiði, er að hinn nýi landnemi á svæðinu sem er flunðran valdi skaða og er það öllu andstyggilegra mál ef svo reynist vera. Í sumar og haust var aflað gagna vegna rannsóknna á þessu fyrirbæri sem unnið verður úr fljótlega.

Fundarmenn ræddu einnig vegabætur sem gerðar voru við vatnið sl. sumar og var almenn ánægja með þær. Tillaga kom fram um smáviðbætur við réttina.

Hreinsun verður við Hlíðarvatn vordagana 26. og 27. apríl og vil ég hvetja ykkur, félagar góðir, sérstaklega þá sem þykjast ókunnugir

þarna, til að taka þessa daga frá núna strax, því þarna býðst ómetanlegt tækifæri til að læra á vatnið af sérfræðingum. Þetta er mikilvægt atriði því ein af hugsanlegum skýringum á lágum aflatölum er sú, að vegna netsölu meðal annars, sé nú stærra hlutfall veiðimanna að koma að vatninu án þess að þekkja nokkuð til þar. Þetta má meðal annars lesa á milli línanna í veiðibókum við Hlíðarvatn. Og það eru líka gömul sannindi, að það skiptir máli að þekkja vel til á veiðislóð.

Eitt er ljóst: Vilji Ármenn halda þessari paradís þá verða þeir að vera duglegri, bæði að kaupa leyfin og svo að nýta þau.

Nánar verður gerð grein fyrir stöðu mála í Áróði á næstunni og ennfremur birtar aflatölur frá Ármönnum og öðrum veiðifélögum við Hlíðarvatn.

Hilmar Finnsson

Sumarið 1984

Húslestrar á hnýtingakvöldum hafa vakið góða lukku. Stefán Hjaltested reið á vaðið, síðan tók Örn Daniélfsson við keflinu og mánudagskvöldið 5. nóvember las Haukur Brynjólfsson skemmtilega texta um spendýra-veiðar í Alaska. Örn lét okkur í té frásögn sína sem við birtum hér að neðan. Góða skemmtun! - Ritstjóri

„Góðan daginn, elsku drengirnir mínir! Ég ætla að biðja ykkur að athuga tímanlega að ég verð upptekinn allan ágústmánuð, nú er það mitt að taka ágúst í sumarfrí. Eh, 2. ágúst verð ég í Soginu, Ásgarðinum, sumarbústaður stýrimanna 3.-10., veiði í Stóru-Laxá 9. og síðan norður í land: 13.-14. í Veiðihúsinu Rauðhólum í Laxárdalnum sem hefur undanfarin átta ár verið minn draumastaður, þar lærði ég að kasta flugu af einhverju viti og ná árangri. Einn dagur í Laxá fyrir landi Grenjaðarstaða, síðan slappað af hjá venslafólki á Akureyri í 2-3 daga og loks er það rúsinan í pysludandanum, Selá í Vopnafirði í tvo daga. Já, þvílíkt sumar!”

„Kallinn minn,” sögðu skipsfélagarnir og horfðu út um gluggann. „Það er 16. janúar á okkar dagatali og norðaustan stormur úti. Hefurðu dottið á hófuðið? Hver er að hugsa um sumarfrí um miðjan janúar? Það verður að fara með þig til læknis. Þú hugsar og talar ekki um neitt annað en veiði og veiðiskap og veiðir svo aldrei neitt! Þú ert kominn með heilaskemmdir.”

Líður svo tíminn. 13. júlí er lestað í Reykjavík og síðan haldið norður fyrir land í sól og blíðu. Guð minn góður, bara hálfur mánuður í sumarfrí. Þvílík spenna! Lesin blöðin með veiðifréttum: Dauft? Jæja, einn 30 punda og tveir 25 punda komnir á land. Allt í lagi. Ég ætlaði aldrei að drepa allan stofninn.

24. júlí er siglt inn Eyjafjörð. Bang bang! Þar fór sveifarásinn í vélinni. Allt í lagi, ekki mér að kenna, bara stýrimaður. Tala við mína konu: „Elskan, ég kem sennilega fljúgandi suður, það er bilað. Hafðu allt klárt svo við getum farið fljótlega af stað.”

„Össi minn, það er síminn til þín. Forstjórinn í símanum. Það er dráttarbátur á leiðinni að draga ykkur út. Þú ferð með bátinn. Georg skipstjóri verður að koma suður. Svo verður þú einn úti. Ekkert röfl.”

Jæja, þar fór það, sumarfríið og ekki í fyrsta sinnið. Of gott til að vera satt.

„Elskan, seldu öll veiðileyfin ef þú getur. Ég kem svo í haust og við fórum í berjamó



Örn Daniélfsson með drekkann úr Soginu sumarið '84.

ef ekki vill betur og getum keypt okkur smá laxabita í Hagkaup og haldið veislu.”

Komið heim 28. ágúst. Jú, er ekki næsta vika laus í stýrimannabústað? En hvað með veiði? Jú, er ekki ein stöng laus í Ásgarði 4. september? Hún tekinn, austur í bústað í blíðu veðri og notið lífsins.

Fjórði september: Guð minn góður, ekki komið lax á land síðan 28. ágúst! Jæja, veðrið og landið er alla vegna fallett. Um morguninn gerist ekkert, búinn að reyna allar bestu flugurnar frá Breiðunni og niður að Gíbraltar. Birtist þá ekki mín draumadís sem hafði fengið sér krú í veiðihúsinu, klædd í gulu laxastígvélin með einn danskan Tuborg og brauðsneið að hressa sinn kall á. Kaststöngin tekin fram, settur á 28 gramma Tóby. Kastað alveg yfir að melhorninu. Það vildi hann. Klukkan 12.30 eru þrjár laxar komnir á land; 4, 5 og 8 pund. Gott. Hætt og farið í mat. Já og missti einn eftir 10 mínútna viðureign. Farið út um fimmleytið. Jú, einn um sjöleytið á Gíbraltar á spón. Góður dagur fyrir mig, en ekki fyrir veiðifélaga sem fengu engan fisk. Vaknað við Jarðskjálfta 5. september og farið í bæinn.

„Ei, eigum við ekki að koma við hjá Stangveiðifélaginu, svona að gamni og vita hvað er til?” Jú jú, ein stöng laus í Soginu, Alviðru, 6. september. Lagt af stað um fimmleytið, fint veður, dumbungur. Komið að brúnni fyrir timann, veiðifélagar mættir á staðið, talast við. Allir vilja byrja á Breiðunni fyrir ofan Brú. Ok, ég labba þá

bara niður fyrir, þrjár laxar voru teknir á breiðunni daginn áður. Það hlýtur að vera lax fyrir neðan líka.

„Bless, elskan hallaðu þér í bílnum á meðan ég reyni fyrir neðan, ég verð komin um níuleytið í kaffi ef ekkert gerist.”

Kasta flugum yfir Bæjarstrengina og niður. Nei sko, þarna vakir sjóbirtingur. Best að bjóða honum spón. Kasta á hann og tekið eins og skot. A ha, góður silungur þetta. Landaði þessari fallegu 14 punda hrygnu eftir hálf tíma. Kastað aftur og fljótlega landað 6 punda hæng. Síðan fljótlega öðrum 6 punda. Sko, nú slappar þú bara af, drengurinn minn. Komið upp að bíl um níuleytið. Elskan sofandi. „Góðan daginn! Kaffi takk.”

„Já já, ekki orðið var ennþá, hvað segirðu? Þrjár laxar og svona fallegir? Ég verð bara hissa.”

Enginn á land fyrir ofan Brú, veiðifélagi setti í lax á flugu en hann fór. Kastað flugu á Breiðunni og skoðað Kúargilið fyrir mat. Einn lax kom á land hjá hinum. Farið út um fimmleytið.

Setti í einn flugulax á Breiðunni en hann fór. Hinir fengu einn 10 punda lax eftir hádegi.

11. september: Eigum við nú ekki að kíkja upp í Stangó og vita hvort eitthvað er til? Hver veit nema ég fái dag í Stóru-Laxá?

„Nei, því miður, en ein stöng 13. september var að detta inn í Soginu, Alviðrunni. Hefurðu áhuga?”

„Jú takk, ég hefði gaman af því.”

„Jæja vinur, nú ferð þú sko einn, ég nenni ekki meira, það er ekkert nema veiði og aftur veiði.”

„Þetta er síðasta ferðin, elskan,” kom frá mér. Mættur hálf sjö. Engir veiðifélagar. Ég byrja. Kasta flugu á Breiðunni fyrir ofan brú, nógur lax en tekur ekki. Kasta spón. Einn 6 punda og annar 5 punda um hálf tíu. Kaffi. Skrítið að hann vilji ekki taka flugu, ekta fluguveður, er að skipta frá austri í suðaustur, skýjað og dumbungur.

Set á Kröflu, appelsínugula númer 8, veð út á Breiðuna frá girðingunni, kasta þvert á með sökklinu. Talsverður straumur. Sé lax, fer að experimenta, kasta langt og sirka 70 gráður upp í strauminn, gef síðan línuna út af hjólinu og lofa henni að rétta sig af. Í öðri kasti er þrifið í. Nú nú, góður lax, og þú, bölvauður asinn þinn, aldrei lærir þú neitt! Veður út í á og ekki með aukahaldið af stönginni á þér, né ífærana. Paufast að landi

og næ að skrúfa aukahaldið á stöngina og setja ífæruna í vasann. Laxinn heldur blátt strik niður að Öldunni. Ég á eftir og næ inn línu.

Jæja, góður 10 pundari hugsa ég og tek svolítið á honum. Hann af stað og tekur stóran hring á Breiðunni. Guð minn góður, næstum öll undirlínan farin út af hjólinu. Hann stoppar ofarlega á Breiðunni, ég næ inn línu. Best að reyna að ná honum að í lygnunni við girðinguna. Nei nei, hann var ekkert á því, tekur roku niður að öldunni og ég á eftir. Næstum því öll undirlínan farin aftur. Hægir á sér á efasta brotinu, síðan rýkur hann niður úr.

Guð blessi vegamálastjóra fyrir nýju brúna. Ég á eftir haldandi þéttingsfast á móti, undir brúna, yfir girðinguna og upp á hólinn. Og þar fór í verra! Hann stoppar í Gjánni og ég sé línuna leggjast í brúnina. Jæja vinur, blessaður! Það var gaman að kynna þér. Þú ræður. Vogun vinnur og vogun tapar.

Samkvæmt teóriunni og því sem Stefán Jónsson og Rafn Hafnfjörð og fleiri hafa skrifað um á laxinn að að snúa við ef honum er gefinn laus taumurinn. En hvernig er straumurinn í gjánni? Ég gef allt laust og horfi til himins. Viti menn! Laxinn fer strax út og niður úr, og línan rennur svona fallega með gjárbarminum.



Boltinn nær Erni hér um bil í herðar!

Við áfram niður úr og ég tek aftur þéttingsfast á honum. Áfram úr bæjarstrengnum. Nú er hann farinn að þumbast, aldrei stokkið, hef ekki séð hann.

Í lygnunni fyrir neðan bátinn á hvolfi, tek ég á honum. Þá kemur þessi líka skuggi upp úr vatninu og Guð minn almáttugur! Þvílíkur haus! Ég fraus, einn og yfirgefinn. Hægri höndin orðin steindofin og ég lafmóður.

Við þumbumst báðir eftir bestu getu þar til að lokum að hann lagðist og ég náði honum að landi. En þá var ég svo dofinn í hægri hendinni að ég gat ekki sett ífæruna í hann, svo ég lagðist á hann, kom vinstri

hendinni undir tálknin, tók aftari hlutann í hægri handarkrikann og skreið með hann á land. Þvílíkur lax. Flugan var vel föst um miðjan vinstri neðri kjálkann. Tvíkrækja og báðir önglar á kafi í beini. Ein sígarett, síðan laxinn settur á hrygginn og honum dröslað upp að bil. Ein veiðifélagi mættur.

„Mér sýndist þú vera með lax.“

„Já, heldur betur, ég veit ekki hvað hann er stór.“

Við mældum hann 23 pund og 103 sm, vel leginn á Kröflu nr. 8. Já, það var vel af sér vikið. Hvað var hann þungur þegar hann gekk í vor? Þá held ég að hann hefði haft vinninginn.

Veiðifélaginn fer niður eftir, hafði verið að kasta fyrir ofan brú. Fékk ekki veiðileyfið sitt fyrir en skrifstofan hjá Stangó var opnuð í morgun. Kom ekki fyrir en klukkan 11.

Þú getur ekki verið þekktur fyrir annað en að kasta. Eitt til tvö köst fyrir mat. Þér er farið að líða svo vel. Jú, tekur ekki einn fluguna þá góðu. Á slaginu klukkan eitt er landað þessari fallegu 12 punda hrygnu. Þú hlýtur að vera feigur drengur. Farið út klukkan 5, farið að hvesa. Kastað flugu á Breiðunni. Einn 6 punda tekur. Komið rok Hættum báðir. Félaginn búin að fá tvo fallega laxa. Já, þvílíkur dagur.

Örn Daníelsson

Ný heimasíða Ármanna



Heimasíða Ármanna hefur nú verið unnin upp á nýtt í nýju kerfi og vonandi bætt umtalsvert, enda var gamla síðan barn síns tíma. Með nýju síðunni gefst stjórnarmönnum kostur á að færa inn fréttir hvar sem er í veröldinni, hvort sem er á Kópaskeri eða í Timbuktu, svo fremi þeir komist í netsamband. Gamla síðan var hins vegar þannig að það þurfti að komast í ákveðna tölvu sem hýsti hana til að uppfæra fréttir og aðrar upplýsingar. Önnur nýbreytni er að nú verður hálfsjálfvirk kerfi þar sem stjórnin getur selt veiðileyfi í gegnum netið þegar úthlutun til félagsmanna er lokið. Það er Ingvar Karl Þorsteinsson, dugmikill norðlenskur veiðimaður og tölvukappi, sem hefur sett upp síðuna með aðstoð ritstjóra Áróðs, Ragnars Hólm. Vonandi verða Ármenn ánægðir með nýju heimasíðuna. Sendið okkur gjarnan viðbrögð á armenn@armenn.is og kíkið strax á www.armenn.is.

Hver er staða sjóbirtingsstofna við Suðurland?

Magnús Jóhannsson frá Veiðimálastofnun kynnir niðurstöður rannsókna á sjóbirtingi.

Miðvikudagskvöldið 14. nóvember kl. 20.00 í Árósum, Dugguvogi 13.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Scientific
Anglers™



Helstu liðir vetrardagskrár 2007-2008

Miðvikudagskvöldið 14. nóvember kl. 20	Magnús Jóhannsson fiskifræðingur og deildarstjóri hjá Veiðmálastofnun á Selfossi fræðir okkur um stöðu sjóbirtingsins í Grenlæk og víðar
Miðvikudagskvöldið 28. nóvember kl. 20	Ármaðurinn Valdór Bóasson sýnir heimasníðaða hnífa og segir frá því hvernig best er að bera sig að við smíði þeirra og frágang.
Laugardagur 8. desember kl. 14	Aðventukaffi. Séra Birgir Ásgeirsson prestur í Hallgrímskirkju flytur Ármönnum hugvekju á aðventunni. Tilvalið að setjast niður og eiga góða stund með félögunum og hlusta á eitthvað uppbyggjandi í miðri jólaönsinni.
Mánudagskvöldið 7. janúar kl. 22	Lokaskil veiðileyfaumsókna
Miðvikudagskvöldið 23. janúar kl. 20	Aðalfundur Ármanna
Mánudags-miðv.dags. 28.-30. jan. kl. 20-22	Afgreiðsla veiðileyfa
Laugardagurinn 2. febrúar kl. 20	Þorrablótið
Laugardagurinn 19. apríl kl. 14	Vorblótið
Helgin 26.-27. apríl	Hlíðarvatnshreinsun

Mánudagskvöld kl. 20.00-22.00: Hnýtingakvöld og fleira gott.
Miðvikudagskvöld kl. 20.00-22.00: Opið hús eða nánar auglýst dagskrá.

Hvergi meira úrval af vönduðum veiðibúnaði



Hafnarstræti 5 - Sími 551 6760



SPORTBÚÐIN
Krókhálsi 5 - Sími 517 8050



VEIÐIHORNID
Síðumúli 8 - Sími 568 8410

Veidimadurinn.is - Sportbudin.is - Veidihornid.is